

Árni Jónsson, byggingarverkfræðingur útskrifaðist með B.Sc.-gráðu í tæknifræði frá Tækniskóla Íslands 1982. Hann lauk M.Sc.-prófi í verkfræði frá KTH í Stokkhólmi árið 1987.

Árni hóf starfsferil sinn hjá Hnit verkfræðistofu þar sem hann vann að fjölmörgum verkefnum tengdum snjóflóðahættu og varnaraðgerðum. Hann stofnaði fyrirtækið ORION ráðgjöf, sem m.a. hefur sérhæft sig í áhættumati, hönnun og ráðgjöf á sviði náttúruvár og mannvirkjaöryggis. Hann starfaði síðar í Noregi um langt árabíl, meðal annars við hönnun snjóflóðavarna á Svalbarða og á fasta landi Noregs, ásamt vefhandbók snjóflóðavarna fyrir Noreg.

Árni hefur lagt ríka áherslu á vönduð vinnubrögð, faglegt mat og samstarf milli innlendra og erlendra aðila við mótun lausna sem tryggja öryggi byggða og samfélaga á hættusvæðum.

Árni er formaður undirbúningsnefndar sem hefur hingað til skipulagt þrjár alþjóðlegar SNOW-ráðstefnur sem haldnar eru hér á landi. Þar er fjallað um mótvægisáðgerðir gegn snjóflóðum og öðrum ofanflóðum. Hann hefur haft frumkvæði að því að efla faglegt samtal og þekkingu verkfræðinga, vísindamanna og stjórnvalda á þessu sviði. Með þeirri vinnu hefur hann stuðlað að alþjóðlegri viðurkenningu á íslenskri verkfræðiþekkingu og vakið athygli á mikilvægi ofanflóðavarna fyrir samfélagslegt öryggi.

Árni hefur reynst Verkfræðingafélaginu traustur liðsmaður og hefur ávallt gætt þess að nafni félagsins sé haldið á lofti í tengslum við ráðstefnurnar. Hann hefur unnið af einstakri óeigingirni, fagmennsku og einlægum áhuga að mikilvægum öryggismálum þjóðarinnar og styrkt tengsl þess málaflokks við starfsemi Verkfræðingafélagsins.